

Páttaka ríkisins í kostnaði

- ✓ Heyrnar- og talmeinstöð Íslands styrkir kaup á nauðsynlegum hjálpartækjum fyrir sjúkra-tryggða einstaklinga sem eru með heyrnar-méin. Styrkir eru veittir samkvæmt reglugerð nr. 234 frá 2003.
- ✓ Fyrir börn að 18 ára aldri eru **heyrnartæki** og önnur nauðsynleg **hjálpartæki** greidd að fullu. Barn gætur fengið heyrnartæki samkvæmt fyrrgreindu á tveggja ára fresti. Þá á barn rétt á allt að tveimur þörum af hlustarstykjum á ári.
- ✓ Einstaklingar sem eru eldri en 18 ára og hafa tónmeðalgildi á betra eyranu ≥ 30 dB < 70 dB geta fengið niðurgreiðslu sem nemur allt að 28.000 kr. fyrir hvert **heyrnartæki**, þó aldrei hærrí fjárhæð en sem nemur kaupverði tækisins.
- ✓ Einstaklingar sem eru eldri en 18 ára og hafa tónmeðalgildi á betra eyranu ≥ 70 dB fá greidd 80% af verði **heyrnartækis**.
- ✓ Einstaklingar sem eru með tónmeðalgildi ≥ 50 dB geta fengið niðurgreidd **hjálpartæki** sem tilgreind eru í reglugerð.
- ✓ Sérstakar reglur gilda um einstaklinga sem þurfa sérstök heyrnartæki sem krefjast skurð-aðgerðar og má lesa nánar um þær í reglu-gerðinni. Starfsfólk Heyrnar- og talmeina-stöðvar getur veitt nánari upplýsingar um greiðslupáttöku ríkisins í heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum.




Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Háaleitisbraut 1
105 Reykjavík
Sími: 581 3855
Bréfasími: 568 0055
Netfang: hti@hti.is
www.hti.is



Heyrnar- og talmeinstöð Íslands



Verið velkomin

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands hefur starfað samkvæmt lögum frá 1978. Flestir sem leita til stöðvarinnar koma þangað til læknisskoðunar, heyrnarmælingar, hlustarmótatöku og fá ráðgjöf og fræðslu við



kaup á heyrnartækjum. Viðgerðarþjónusta er einnig á staðnum svo og sala á rafhlöðum og öðrum rekstrarvörum tengdum heyrnartækjum.

Heyrnarmæling

Heyrnin er mæld í hljóðeinangruðum klefa, yfirleitt með heyrnartólum sem sett eru yfir eyrun. Fyrst hlustar þú á mismunandi tóna og ert beðin(n) um að gefa merki í hvert sinn sem þú heyrir. Þannig er kannað hvað þú þarft mikinn hljóðstyrk til að heyra mismunandi tóna.

Einnig er prófað hversu vel þú heyrir og greinir mælt mál. Til þess þarft þú að endurtaka orð sem lesin eru og heyrast í heyrnartólunum.

Í einstaka tilfellum þarf að gera önnur sérhæfð próf til að rannsaka hvað orsakir heyrnarskerðinguna.



Sjúkraskrártaka - læknisskoðun

Til að fá góðar upplýsingar um heyrn og hugsanleg vandamál er henni fylgja þarf að svara nokkrum spurningum um atvinnu, ættarsögu o.fl.

Læknir ræðir við þig og skoðar eyrun, hreinsar hlustina ef með þarf, athugar hljóðhímnuna og hvort einhver merki eru um miðeyrnasjúkdóm.

Ef heyrnarmælingar leiða í ljós heyrnarskerðingu gefur læknirinn þér ráð um hvort heyrnartæki sé æskilegt eða önnur meðferð. Það er síðan þitt að ákveða hvaða meðferð þú þiggur.

Val á heyrnartækjum

Ef læknirinn ráðleggur heyrnartæki er þér vísað til heyrnartækis eða heyrnarfræðings sem kynni þér hvaða heyrnartæki koma til greina og hvernig þau starfa. Með hliðsjón af heyrnarprófi þínu er þér þannig hjálpað við að velja viðeigandi tæki. Að því loknu er gengið frá pöntun heyrnartækisins.



Hlustarstykki

Næst er tekið mót af eyranu en eftir því er smíðað hlustarstykki eða skel sem fellur alveg að hlust eyrans.

Afhending heyrnartækis

Þegar heyrnartækið er tilbúið hefur heyrnartæknir eða heyrnarfræðingur samband og ákveður tíma fyrir afhendingu á heyrnartæki. Í þeirri heimsókn er tækið stillt og kennt að nota það.

Þörf getur verið á öðrum hjálpartækjum og er reynt að benda á þau sem vöi er á og líklegt er að komi að gagni.

Oft er nauðsynlegt að koma aftur á heyrnarstöðina til að læra betur á heyrnartækin og/eða láta sílla þau aftur. Starfsmenn stöðvarinnar reyna eftir bestu getu að veita slíka hjálp.



Námskeið

Reglulega eru haldin 2-3 klst. námskeið, þar sem fjallað er um notkun heyrnartækja og annarra hjálpartækja er þeim tengjast. Upplýsingar um námskeiðin gefa heyrnarfræðingar, heyrnartæknar og aðrir starfsmenn stöðvarinnar.



Ending heyrnartækja

Heyrnartæki endast að jafnaði í um fimm ár. Ef heyrn breytist eða ef talið er að ný heyrnartæki nýtist einstaklingi betur er möguleiki á að endurnýja tækið.